

Ár 2023, þriðjudaginn 13. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Andra Val Ívarssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2023:

Knattspyrnudeild KR
gegn
Knattspyrnudeild Vals.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Aðilar máls:

Kærandi:

Knattspyrnudeild KR

Fyrirsvarsmaður: Bjarni Guðjónsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Vals

Fyrirsvarsmaður: Alda Ægisdóttir

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 16. maí 2023.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að knattspyrnuliði KR í mfl. karla verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðsins gegn Val er fram fór á Valsvelli sunnudaginn 7. maí í Íslandsmóti meistaraflokks karla.

III.

Málsatvik:

Í greinargerð kæranda kemur eftirfarandi fram:

„Í leiknum sem fram fór sunnudaginn 7. maí síðastliðinn tefldi lið Vals fram liði sem kærandi ætlar að hafi verið ólöglega skipað.

Upphafleg leikskýrsla sem skilað var inn klukkustund fyrir leik tiltók leikmanninn Lúkas Loga Heimisson sem byrjunarliðsmann Vals.

Eftir að leikskýrslu hafði verið skilað inn þá brugðu Valsmenn á það ráð að breyta henni. Var því um kennt að mistök hefðu átt sér stað og að í stað Lúkasar Loga skyldi leikmaðurinn Guðmundur Andri Tryggvason hefja leik.

Bjarni Guðjónsson framkvæmdastjóri KR gerði athugasemdir við þetta en var þá á það bent að heimilt væri að leiðrétta mistök fyrir leik.

Hins vegar kom leikmaðurinn Lúkas Logi inn síðar sem varamaður í leiknum.

Kærandi telur að Valsmönnum hafi verið óheimilt að nota leikmanninn Lúkas Loga og því hafi lið Vals verið ólöglega skipað þegar Lúkas Logi kom inn á.

Ætlað er að leikskýrsla sem skilað er inn klukkustund fyrir leik sé bindandi um byrjunarlið félags. Það getur hins vegar gerst að leikmaður veikist eða meiðist í upphitun og er þá eðlilegt að gerð sé breyting á liði. Undir þeim kringumstæðum þá hverfur fyrri byrjunarliðsmaður frá og getur ekki verið þátttakandi í leik. En breyting á liði þannig að byrjunarliðsmaður sé tekinn út og hann færður á bekkinn er liði óheimil þegar leikskýrslu hefur verið skilað klukkustund fyrir leik.

Væri slíkt fyrirkomulag samþykkt þá gætu lið einfaldlega borið því við að mistök hafi átt sér stað og lagað liðsskipan sína að liði andstæðinga. Slíkt er ekki í anda leiksins, skekkir samkeppnisstöðu liða og er beinlínis ólöglegt.

Áskilið er í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að kæra skuli koma fram í síðasta lagi 5 dögum frá leik, sbr. gr. 7.1.

Engu að síður telur kærandi rétt að þessi kæra komi fram enda viðbúið að verði ekki brugðist við þessu að lið geti óhindrað breytt leikskýrslum sínum eftir veðri og vindum.

Lúkas Logi var skráður sem byrjunarliðsmaður Vals og vegna breytinga forsvarsmanna félagsins á leikskýrslu átti hann ekki að geta tekið þátt í leiknum.

Afrit af fyrri leikskýrslu fylgir með og af þysjuðu skjáskoti má gjörsla sjá að Lúkas Logi var skráður byrjunarliðsmaður á skýrslu. Ber skýrslan með sér að þetta var staðan klukkan 18:20 en leikur liðanna hófst klukkan 19:15. Er því ljóst að þegar minna en klukkustund var til leiksins breyttu Valsmenn liðskipan sinni.

Ætlað er að innáskiptin Lúkasar Loga hafi verið ólögleg sem og meðhöndlun Vals á leikskýrslu og því þess krafist að KR verði dæmdur 3-0 sigur.

Lög og reglugerðir sem vísað er til

Um ólöglega skipað lið ræðir í gr. 36.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þar segir

Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. (...). Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 75.000 (...)

Þá segir og í gr. 36.3

Ef leikskýrsla er vísvitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3

nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 50.000 í meistaraflokki en 25.000 í öðrum flokkum. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 100.000 í meistaraflokki en 50.000 í öðrum flokkum.

Með hliðsjón af fyrrgreindum lagagreinum og með vísan til málavaxta er ljóst að lið Vals var ólöglega skipað.“

IV.

Niðurstaða:

Vísað er til kæru frá knattspyrnudeild KR vegna leiks Vals og KR í Bestu deild karla sem fram fór þann 7. maí 2023. Um það hvort mál hafi verið höfðað eða kæra lögð fram skal mið tekið af meginreglu í grein 6.3. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt því telst mál höfðað þegar kæra berst skrifstofu KSÍ. Kæra knattspyrnudeildar KR barst skrifstofu KSÍ þann 16. maí 2023. Í II. kafla reglugerðar um aga- og úrskurðarmál er fjallað um málsmeðferðarreglur fyrir aga- og úrskurðarnefnd. Samkvæmt grein 7.1 reglugerðarinnar skulu kærur berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kæran eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærinni frá.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar rann út frestur til kæru vegna leiks Vals og KR í Bestu deild karla á miðnætti föstudaginn 12. maí 2023. Það liggur fyrir að kæra frá knattspyrnudeild KR var ekki lögð fram innan framangreinds tímafrests, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem gilda um aga- og úrskurðarnefnd. Með vísan til þess sem að framan er rakið er kæru knattspyrnudeildar KR vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

IV.

Úrskurðarorð:

Kæru knattspyrnudeildar KR er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Andri Valur Ívarsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]